

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1151 Landeldi ehf. - Öxnalæk	Öxnalækur 810 Hveragerði	Sólveig Dröfn Símonardóttir Gæðastjóri			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	27.6.2023	27.6.2023	4,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 15. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunatriðum, þar af 2 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk	2.1.2 Framleiðsluskýrsla
5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva
	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

#### Niðurstaða eftirlits

Tveir eftirlitsmenn Matvælastofnunar fóru í reglubundið eftirlit hjá Landeldi í Öxnalæk. Farið var yfir gæðapappíra og skráningar en kallað var eftir þeim rafrænt áður en eftirlit var framkvæmt í eldisstöð. Farið var í eftirlit í eldisstöðinni 27. júní 2023 og farið yfir vankanta í gæðapappírnum og skráningum. Síðan var gengið um stöðina og fiskheldni og búnaður skoðaður.

Ekki var til staðar búnaður til að endurheimta fisk auk þess sem sannprófun hefur ekki farið fram og var sett alvarlegt frávik á hvortveggja.

Fundur til kynningar á gæðahandbókum og breytingum á henni hefur ekki verið haldinn. Sett á úrbótaáætlun til áramóta.

Starfsmenn Matvælastofnunar koma í eftirfylgni eftirlit í 2. október 2023.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Kræfa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

#### Starfsstöð

Landeldi ehf. - Öxnalæk  
Öxnalækur  
810 Hveragerði  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6504171510

#### Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1



2 - Leyfi

---

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 27.06.2023

Frávik

---

Framleiðsluskýrslur hafa ekki borist Matvælastofnun mánaðarlega

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 27.06.2023

Frávik

---

Viðhald á eldisbúnaði er ekki skráð

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 27.06.2023

Alvarlegt frávik

---

Búnaður ekki til staðar til að endurheimta fisk verði strok úr stöðinni

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 08.06.2022

Alvarlegt frávik

---

Sannprófunarhópur var ekki til staðar

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 27.06.2023

Frávik

---

Gæðahandbók

- Verklag til staðar um skipulag og ábyrgðaskiptingu ásamt skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna **Vantar**
- Skipurit til staðar þar sem fram kemur starfsheiti einstakra stjórnenda **Vantar**
- Heiti starfsstöðvar og staðsetning kemur fram
- Ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna eru skýrar **Vantar**

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 27.06.2023

Frávik

---

Ekki voru til staðar eftirfarandi viðbragðsreglur:

- Fárviðri og ísing á búnaði ef ker eru úti
- Tjón á kerjum vegna náttúruvá

## 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 27.06.2023

Úrbótaáætlun  
Frestur: 2.1.2024

Árlega skal halda fund með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðvar þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttöku skal skrá í þjálfunarskrá.

Slíkur fundur hefur ekki verið haldinn frá síðasta eftirliti en stefnt að honum í desember á þessu ári. Sett á úrbótaráætlun til áramóta.

### Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

---

Vigdís Sigurðardóttir  
vigdis.sigurdardottir@mast.is  
Sérfræðingur  
5304800

## Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.